



Kennari	Karen Malmquist karen@vma.is	Sk.st.	KMQ
----------------	---------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Lesnir eru stuttir textar auk þess sem nemandinn er markvisst þjálfður í hlustun. Lögð er áhersla á lestur texta og orðaforða úr daglega lífinu. Farið er í stytta skáldsögur og áhersla lögð á innihald textans. Farið er í grunnatriði þess að lesa milli lína og túlka texta. Notast er við hlustun í yfirferð hluta lestrarrefnisins. Lögð eru fyrir stutt ritunarverkefni. Ritun er bæði tengd lesnum textum og reynslu úr daglegu lífi. Nemandinn er þjálfður í samræðum og tjáningu á enskri tungu. Prófað er munnlega úr innihaldi styttri skáldsagna. Mikil áhersla er lögð á málfræði. Farið er yfir grunnþætti enskrar málfræði og hún tengd öðrum þáttum í kennslu eins og ritun og lestri texta.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu málfræðiatríðum og orðflokum
- nýjum orðaforða
- helstu málfræðiatríðum og geta notað þau á réttan hátt í mæltu og rituðu máli
- notkun hjálpargagna, svo sem notkun starfrænna orðabóka og leiðréttingaforrita

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja einfalda texta, svo sem blaðgreinar, smásögur og stytta skáldsögur með það að markmiði að auka orðaforða sinn og afla upplýsinga
- nota mismunandi aðferðir við að tileinka sér málfræðiatríði
- skrifa stutta texta um málefni sem hann hefur kynnt sér
- hlusta á enska tungu og skilja inntak efnisins
- koma skoðunum sínum á framfæri munnlega

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa og skilja almenna, einfalda texta og greina frá þeim í aðalatriðum með munnlegum og skriflegum hætti
- gera greinarmun á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum og fylgja eftir og taka þátt í samræðum um efni sem farið hefur verið í
- endursegja efni sem hann hefur heyrt eða lesið
- beita mismunandi aðferðum og hjálpargögnum við ritun svo sem orðabókum og leiðréttingaforritum
- skilja og geta greint frá aðalatriðum ýmiss konar texta og finna upplýsingar í texta til að svara einföldum spurningum
- taka þátt í umræðum um ýmisleg málefni og taka tillit til skoðana annarra

ENSK1LR04 Námsáætlun, haustönn 2021



Námsgögn:

English for Revision 2 - ENSK1LR04 (fæst á skrifstofu VMA)

Ýmis gögn sem kennari leggur til hverju sinni

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/ otunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 33 15.-21. ágúst	Kynning og almenn upprifjun.	Kynning á áfanganum og því sem framundan er.	
Vika 34-36 22. ág - 11. sept	Kafli 1 í <i>EfR 2</i> - lestur, ritun og málfræði (sögnin to be í nútíð og þátíð) auk hlustunarefnis.	Kafli 1 unninn ásamt ítarefni frá kennara.	Kaflapróf (9%). Lesskilningur úr ólesnu efni (4%).
Vika 37-39 12. sept - 2. okt	Kafli 2 í <i>EfR 2</i> - lestur, ritun og málfræði (þátíð sagna, stigbreyting lýsingarorða o.fl), auk hlustunarefnis.	Kafli 2 unninn, auk ítarefnis frá kennara.	Kaflapróf (9%). Orðaforðaverkefni (5%). Ritunarverkefni (5%).
Vika 40-43 3. okt - 30 okt	Kafli 3 í <i>EfR 2</i> - lestur, ritun og málfræði (have to / must sem og annað tilfallandi í málfræði), auk hlustunarefnis.	Kafli 3 unninn, auk ítarefnis frá kennara.	Kaflapróf (9%). Lesskilningur úr ólesnu efni (4%).
Vika 44 31. okt - 6. nov	Þemavika.	Nemendur vinna verkefni um valið efni og kynna það fyrir kennara og samnemendum.	Hópverkefni/þemaverkefni (10%).
Vika 45-48 7. nov- 4. des	Kafli 4 í <i>EfR 2</i> lestur, ritun og málfræði (persónufornöfn, eignarforöfn, some / any) auk hlustunarefnis. Upprifjun.	Kafli 4 unninn, auk orðaforðaverkefnis og hlustunarprófs.	Orðaforðaverkefni (5%). Hlustun (5%). Upprifjun.

ENSK1LR04

Námsáætlun, haustönn 2021



Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Kaflapróf	Kaflapróf er eftir 1., 2. og 3. kafla (3x9%)	27%	
Orðaforðaverkefni	Úr lesnu efni (2x5%)	10%	
Ritun	Ritunarverkefni úr bókinni (5%)	5%	
Lesskilningur	Ólesið efni (2x4%)	8%	
Hlustun	Hlustunarverkefni í lok annar	5%	
Þemaverkefni	Hópverkefni unnið í þemaviku	10%	
Lokapróf	Lokapróf úr heftinu	35%	
	Samtals:	100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			
Annað: Þar sem nokkur óvissa er uppi um fyrirkomulag dagskólakennslu við upphaf annar, getur þessi námsáætlun riðlast eitthvað. Áfanginn verður því leikinn nokkuð af fingrum fram eftir því hvernig samkomubanni verður háttað.			

Um verkefnaskil: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil. Lágmarkseinkunn er 5. Verði nemandi uppvís að ritstuldi við gerð verkefna fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 17. ágúst 2021


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils